

Sótt er um styrk til endurbóta á slóða og stæði að endurvarpa á Haganesi í Arnarfirði.

Sá litli afleggjari sem þar er, hefur verið að verða vinsælli með aukinni ferðamanna ásókn. Þar er gott og skemmtilegt útsýni bæði yfir byggðina á Bíldudal og yfirsýn yfir nánast allan Arnarfjörð frá sama sjónarhorni. Staðurinn býður upp á mikla möguleika varðandi lítið stæði með upplýsingaskilti um hina ýmsu staði í firðinum, leiða mál líkur að því að sveitarfélagið muni beita sér fyrir uppsetningu þannig skilta til fróðleiks, skemmtunar og upplýsinga fyrir ferðafólk og íbúa fáist til þess stuðningur.

Mjög gaman er að stoppa á þessum stað með fjöruferð í huga þar sem gott er að stoppa og borða nesti og skella sér svo í góða fjöruferð en aðgengi að óspiltri fjöru er mjög gott á þessum stað.

Lagfæra þarf afrein / frárein þannig að slyshætta á þessum stað verði sem minnst, ásamt því bera í og slétta bæði slóða og stæði.

Landið er í einkaeign og verður framkvæmd unnin í samræmi við samþykktir og óskir landeigenda.

Áætlaður kostnaður við endurbætur á slóðanum eru kr. 800.000. skipulag og verkumsjón verður í höndum Vesturbyggðar.

Vesturland

vega að ferðamannastöðum;



Geir Gestsson

Sviðsstjóri Umhverfis- og framkvæmdasviðs Vesturbyggðar